

1025. Stjórnarfundur VR

Haldinn fimmtudaginn 28. maí 2009 kl. 12:00 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Kristinn Örn Jóhannesson, Bjarki Steingrímsson, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Ágúst Guðbjartsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Guðrún J. Ólafsdóttir, Hólmfríður Björg Petersen, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þ. Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Stefanía Magnúsdóttir, Þorlákur Jóhannsson og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundarsetning

Kristinn Örn setti fundinn kl. 12:00

2. Tilmæli til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Umræður um tilmæli til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um launamál hjá sjóðnum.

Svohljóðandi tillaga lesin upp:

„Á ársfundi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna voru flutt tilmæli frá stjórn VR um launakjör hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Því miður mátti misskilja þau sem svo að lagt væri til að rýra kjör almennra starfsmanna sjóðsins, en svo var ekki.

Því óskar stjórn VR eftir því að síðasta setningin verði felld út og eru tilmælin því eftirfarandi:

„Stjórn VR beinir þeim tilmælum til stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna að við ráðningu nýs framkvæmdastjóra sjóðsins skuli launakjör taka mið af heildarkjörum ráðherra og hagsmunum sjóðsfélaga.,,

Eru allir hlutaðeigandi beðnir afsökunar.“

Samþykkt.

3. Önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:14